

Spurningar um raunsæi '68-kynslóðarinnar

Góð og ýtarleg svör við þessum spurningum koma sér vel í próflestri.

1. Í kennslubók stendur: „Fyrsta ljóðabók hennar, *Sífellur*, kom út þegar hún var aðeins nítján ára. . . . byrjar höfundarferil sinn í „fyndnu kynslóðinni“ og tók þátt í uppákomunni **Listaskáldin vondu** í Háskólabíói 1976. Alls hafa komið út sex ljóðabækur . . . „Helsta yrkisefni . . . alla tíð er ástin, ...ástarljóð hennar ..oft mettuð eftirsjá og djúpri, sárri þrá.“¹ Hún hefur einnig verið kraftmikil í skáldsagnagerð. Hvaða höfundur er lýst svo?
2. . . . „er mikilsvirt ljóðskáld og hlaut **Íslensku bókmenntaverðlaunin** 2002 fyrir fimmtu ljóðabók sína *Hvar sem ég verð*.“ Hvað heitir ljóðskáldið?
3. Nefndu 2 módernista á raunsæistímabili '68-kynslóðarinnar og eitt verk eftir þá.
4. „Skáldsagnahöfundar '68-kynslóðarinnar fannst mörgum bókmenntir vera baráttutæki og hefðu samfélagslegu hlutverki að gegna.“ Rökstyddu fullyrðinguna, og tengdu við hvernig nýraunsæið birtist í bók Vesteins Lúðvíkssonar *Gunnar og Kjartan* og Auðar Haralds *Hvunndagshetjan*.
5. Hvað er nýraunsætt (raunsætt) í verki (brot úr verki) Ólafs Hauks Símonarsonar bls. 228 í kennslubók? Teldu upp eins mörg atriði og þú getur.
6. Ólafur Haukur er annar bræðra sem báðir stigu sín fyrstu skáldaspor í nýraunsæi, hver er hinn? Nefndu verk eftir þá báða.
7. Nefndu tvær skáldkonur sem skrifuðu skáldsögur er áttu erindi til bókmenntastofnunar en enginn virti.
8. Hvað felst í hugtakinu sjálfsævisaga? Nefndu einn höfund sem skrifaði þannig á tímabilinu.
9. Lestu kaflann **Þjóðfélagsmynd**. Punktaðu niður a.m.k. 10 atriði sem lýsa þeim stjórnmalalegu og félagslegu breytingum sem urðu í hinum vestræna heimi á sjöunda áratugnum, Ísland þar með talið.
10. Viðhorf manna til stöðu kynjanna í hinum vestræna heimi breyttist, og náði til Íslands. Hvernig skilaði kvennabaráttan sér inn í íslenskar bókmenntir og bókmenntaumræðu?
11. Nefndu vinsælan barnabókahöfund (kvenkyns) sem hóf rithöfundarferil sinn á áttunda áratugnum.

¹ Silja Aðalsteinsdóttir. 2006. „Ljóðagerð eftir 1970.“ Bls. 385 í **Íslensk bókmenntasaga V**. Mál og menning.

12. Í kennslubók stendur: „Æ háværi raddir fóru að heyrast í lok sjötta áratugarins um það að ljóð í módernískum anda þjónuðu ekki hlutverki sínu að spegla samfélagið, og væru auk þess aðeins á færi menntafólks að skilja. Að tími væri kominn að yrkja auðskiljanleg ljóð og semja sögur sem rugluðu ekki fólk í ríminu við lesturinn og lesandinn botnaði ekkert í.“
 - a. Ungskáldin áttu þessar “háværu raddir”. Hvað voru þau jafnan kölluð (samheiti þeirra)? Nefndu nokkra í þessum hópi.
 - b. Hver voru einkunnarorð eða slagorð höfundanna í nýraunsæi?
 - c. Hvað einkenndi í stórum dráttum „auðskiljanleg ljóð . . . og sögur sem rugluðu ekki fólk í ríminu” annað en hér stendur? Nefndu líka dæmi um höfunda og verk.
13. Af hverju var þessi kynslóð höfunda kölluð „fyndna kynslóðin”?
14. Bernskan og unglingsárin varð fyrirferðarmikið þema í bókmenntum tímabilsins, nefndu 2 höfunda og verk sem falla undir framangreint.
15. Unglingabækur „fæddust” á áttunda áratugnum. Nefndu höfundinn framtaksama og rit hans. Hvers vegna er þessi bók talin upphaf skáldsagna fyrir þennan aldurshóp?
16. Hvaða breytingar urðu á myndlist? Nefndu 2 listamenn. (sjá bls. 211-212)
17. Útskýrðu ádeiluna í ljóðbrotinu „Úr musteri menntagyðjunnar” eftir Birgi Svan Símónarson. Í ljóðinu má finna vísun í bókmenntarit, hvaða vísun er það?
18. Í kaflanum „Í efninu er falinn sprengikraftur” er fjallað um stöðu kvenna á ritvellingum.
 - a. Þar er nefndur kvennaáratugur, hvenær var hann?
 - b. Í kringum 1980 var mikil gróska í sagnagerð ungra kvenna. Nefndu tvær og verk þeirra.
 - c. Svo hurfu þessar konur af vellingum. Hver er talin helsta ástæða hvarfs þeirra?
19. Matthías Viðar Sæmundsson fer hörðum orðum um skáldsögur nýraunsæis. Taktu saman í nokkrar línur það sem hann segir í kaflanum „Skáldsaga á tímamótum”.
20. Vigdís Grímsdóttir er líka harðorð í sama kafla. Hvert er inntak hennar orða?
21. Giltu sömu lögmál nýraunsæis í barnabókum sem voru skrifaðar 1970-80 og í öðrum skáldsögum þess tíma?

22. Hvað skrifar Halldór Laxness á árunum 1970-1984?
23. Lestu kaflann „Nýtt á döfinni“. Þar er minnst á tvo rithöfunda. Punktaðu hjá þér allt sem merkilegt þykir um Einar Mál Guðmundsson, helstu bækur og ritferil.